

um þann aldur, er útheimtist til að geta fengið prestvígslu og orðið andlegar stöttar embættismaður á Íslandi. 13. febrúarm.

8. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmanns og biskups á Íslandi, um eignir spítalanna og tekjur þeirra. 14. febrúarm.

Í bréfi 22. septemberm. f. á. hafið þér, háæruverðugi herra, eptir tilhlutun stjórnarráðsins í bréfi 9. maím. 1859, lýst yfir áliti yðar um tilhögun á fè spítalanna og um heimtingu á tekjum þeirra, og senduð þér með því bréfi tvö bréf, annað frá stiptamtmannum yfir Íslandi, en hitt frá amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu, bæði þess efnis, að í aðalatriðunum skuli farið eptir gildandi lögum viðvíkjandi tekjum spítalanna; en þér stingið upp á, að allt þetta málefni um spítalana verði fyrst um sinn látið við svo búið standa, og eigi gjört út um það að fullu og öllu fyrri en búið sè að skipa fyrir um breytingar þær, er kunni að vera fyrirhugaðar á landstjórninni á Íslandi, sem mál-efni þetta heyrir undir.

En eptir áliti stjórnarráðsins væri þessi aðferð eigi hagkvæm, þar sem alþingi hvað eptir annað hefir farið fram á, að betri tilhögun verði komið á málefni þetta, og með því líkindi eru til, að aðalorsökin til, að alþingi hvað eptir annað hefir sent bænarskrá um þetta efni sè sú, hvernig farið er að í suðurumdæminu um heimtingu og sölu hinna svo kölluðu hópítalshluta, og að eigi er farið eptir spítalatilskipuninni 27. maím. 1746, þá minnir stjórnarráðið yður á bréf sitt til stiðtsyfirvaldanna á Íslandi, dagsett 10. júním. 1851, og biður yður, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, að skýra sér hið bráðasta frá, hverjar ráðstafanir hafi gjörðar verið eptir því, sem fyrir er mælt í bréfi þessu, og ef ekkert hefir gjört verið, þá að senda hingað álit yðar og uppástungur um hagkvæmari tilhögun á heimtingu og sölu á spítahlutum í suðurumdæminu.